

# AÐ KENNA UM FLÓTTAFÓLK: KENNSLUBLAÐ

## HVAÐAN KEMUR FLÓTTAFÓLK?



Sjá myndskaið: [hér](#)

**Lengd:** 15-20 mínútur.

**Efniviður:** Tölva, spjaldtölva eða sími til að horfa á myndbandið; blað og penni.

Notaðu þetta kennslublað til að kenna nemendum grunnhugtök um flóttafólk, alþjóðlega vernd og fólksflutninga. Horfðu fyrst á myndskaiðið með nemendum þínum. Farðu svo eftir leiðbeiningunum hér að neðan.

**Markmið:** Að fá alþjóðlegan skilning á því hvaðan flóttamenn koma og hvers vegna þeir flýja.

**Aldur:** Efnið hentar 12 ára nemendum og eldri.

**1:** Eftir að þið hafið horft á myndskaiðið skalt þú biðja nemendur þína um að ná í blað og penna, og gera eftirfarandi verkefni:

**Skrifið niður þau fimm lönd sem þið haldið að flest flóttafólk komi frá.**

**2:** Safnaðu saman svörunum og lestu upphátt fyrir nemendur þína. Nú er tími fyrir umræður og skaltu spyrja eftirfarandi spurninga:

**Hvers vegna flýr fólk frá heimalandi sínu?**

**Getur þú nefnt einhver lönd þar sem stríð hefur áhrif á líf fólks eða lönd þar sem fólk verður fyrir ofsóknum?**

**Frá hvaða löndum heldur þú að flest flóttafólk hérlendis komi?**

**Getur flóttafólk snúið aftur til heimalands síns?**

**Hvað gerist ef fólk á flótta snýr aftur heim til sín?**

**3:** Lestu þessa upptalningu á fimm algengustu löndunum sem flóttafólk kemur frá upphátt fyrir nemendur þína og berðu saman við svörin þeirra í fyrsta verkefninu:

1. Síryland
2. Afganistan
3. Suður Súdan
4. Myanmar
3. Sómalía

Næst skulið þið horfa aftur á myndskaiðið og skoða þetta upplýsingablað: [hlekkur](#)

**Ræðið svo hvaðan flóttafólk kemur miðað við það sem þið sáuð í myndskaiðinu. Hvernig er að búa í þessum löndum? Hvernig getur flóttafólk ferðast á sem öruggastan hátt?**